

Nd.

SOS. Nefndarállt

um tillögu til þingsályktunar um lögnám landinu til handa á umráðum og notarjetti vatnsorku allrar í Sogi.

Frá minni hluta samvinnunefndar í fossamálunum.

Við undirritaðir höfum eigi getað fallist á niðurstöður meiri hluta samvinnunefndar, svo sem í nefndarálliti hans segir, um meðferð á nefndri tillögu, og álitum ekki eiga við að bera hana fram í þeirri mynd, sem meiri hluti leggur til, eða svo breytta frá frumtillögunni, að eigi sje fullvíst um, að hægt verði umsvifalítið að framkvæma hana.

Við teljum sjálfsagt, að ríkið fái, svo fljótt sem verða má, fullkomin eignarumráð yfir Soginu, og sjáum enga aðra færa eða sæmilega leið að því en fara eftir fyrir mælum laga nr. 55, 22. nóv. 1907, sem ljóslega taka fram um meðferð þá, er hafa þarf.

Enga rjettaróvissu könnumst við við um það, hverjir vatnsrjettindin eigi, og þess vegna heldur enga ástæðu til að skjóta málinu til dómstólanna á þann hátt, sem meiri hlutinn leggur til. Hins vegar lítum við svo á, að taka Sogsins án endurgjalds, eins og meiri hlutinn leggur til, sje óframkvæmanleg fyrir stjórnina og óaðgengileg, og leiði samþykkt tillögunnar í þeirri mynd að eins til tafar á framkvæmd málsins, ef eigi annars verra.

Að sjálfsögðu útilokar tillagan á þgskj. 121 ekki það, að stjórnin leiti samninga við aðilja um frjálsa afhendingu vatnsrjettindanna til ríkisins, og að þeir samningar geti tekist. — Eignarnámið kemur þá til greina, ef aðgengilegir samningar nást ekki, en um það, hverjir samningar sjeu aðgengilegir, má treysta stjórninni til að meta, og eru þar til hliðsjónar þeir leigusamningar, sem gerðir hafa verið um Sogið, og það mat vatnsrjettindanna, sem í þeim felst.

Út af framansögðu leyfum við okkur því að ráða hv. Alþingi til að samþykkja tillöguna á þgskj. 121 óbreytta.

Alþingi, 12. sept. 1919.

Sveinn Ólafsson.

Sigurður Sigurðsson.